

Árni Björnsson Berlínardvöl 1963-1965

III. hluti. Undir smásjá CIA og STASI

Ekki fór alveg hjá því að minn pólitíski litarháttur drægi nokkurn dilk á eftir sér eins og Sigurð Nordal mun hafa grunað. Fyrsta áþéttið var að skömmu eftir komu mína til FU var ég kvaddur á fund með Neumann deildarforseta mínum og Hartwich nokkrum frá utanríkisnefnd háskólans. Dagskrárefnið var skýrsla um mig sem háskólanum hafði borist. Mér var ekki sagt hvaðan, en af orðalagi mátti ljóst vera að heimildarmaður var íslenskur. Þátttaka mín í stúdentapólitíkinni var skilmerkilega rakin og í rauninni hvergi hallað réttu máli. Öllu verra var þegar kom að Vilborgu konu minni. Hún var sögð afar Moskvutrúr kommúnisti, og hefði haft það sérverkefni að laða ungt fólk til liðs við Brynjólf Bjarnason sem væri leiðtogi íslenskra Moskvu-kommúnista. Klykkt var út með því að mikil hætta væri á að þetta fólk mundi stunda njósnir í þágu Rússa.

Was sagen Sie dazu, Herr Björnsson? Ég svaraði því til að mér þætti þetta fyrst og fremst hlægilegt, og alveg sérstaklega níðið um konu mína. Mér væri engin launung á því að ég hefði verið og væri enn vinstri sinnaður þótt ég hefði fyrir löngu orðið efasemdafullur í garð Sovétríkjanna. Ég spurði síðan hvort þeir héldu virkilega að ég væri svo heimskur að ég mundi stofna öllum mínum faglega frama í stórhættu fyrir aðra eins vitleysu og njósnir í þágu Rússa. Þeir virtust skilja þetta sjónarmið en báðu mig þess lengstra orða að vara mig á leynipjónustu Rússa því eitt ógætilegt skref gæti kostað hrap til ógæfunnar.



Merki CIA

Neumann var ekki eins harðvítugur á manninn og Hartwich. Trúlega hefur hann viljað sýna Háskóla Íslands kurteisi. Wolfgang Edelstein sagðist reyndar líka hafa lent í Hartwich. Engu að síður virtist Neumann tortrygginn í garð Vilborgar, og gat það komið fram á spaugilegan hátt. Hann bauð okkur lektorunum yfirleitt heim til sín einu sinni á misseri. En í fyrsta skipti sem mér var boðið, var henni ekki boðið með. Og skýringin sem ég fékk var sú að það væru ekki nógu margir stólar í íbúðinni! Hún kærði sig ekki um önnur boð. Hún hitti hinsvegar Neumann og konu hans í móttökunni hjá Cobler konsúl 17. júní þegar hún var á upphlutnum. Þá spurði frú Neumann mig undrandi: Er þetta konan yðar? Hún hefur sjálfsagt búist við gaddavírsbryðju.



Merki Ministerium für
Staatssicherheit,
í daglegu tali STASI

Ekki veit ég hvort nokkurt samband var milli þessara atvika og heimsóknar Ármanns Snævars rektors HÍ til Berlínar seinna um sumarið. Þegar ég kom úr 6 vikna Evrópureisu sögðu vinir mínir í FU að Ármann hefði kíkt við í Germanisches Seminar, verið „sehr angetan“ og beðið sérstaklega vel að heilsa íslenska lektornun ÁB. Reyndar er ekki ólíklegt að hann hafi frétt af þessari uppákomu, en ég spurði hann aldrei um það, enda þekkti ég hann sama og ekkert.

Ekki veit ég hvort nokkurt samband var milli þessara atvika og heimsóknar Ármanns Snævars rektors HÍ til Berlínar seinna um sumarið. Þegar ég kom úr 6 vikna Evrópureisu sögðu vinir mínir í FU að Ármann hefði kíkt við í Germanisches Seminar, verið „sehr angetan“ og beðið sérstaklega vel að heilsa íslenska lektornun ÁB. Reyndar er ekki ólíklegt að hann hafi frétt af þessari uppákomu, en ég spurði hann aldrei um það, enda þekkti ég hann sama og ekkert.

Nokkru seinna gerðist samt það sem kom mér einna mest á óvart eftir það sem á undan var gengið. Góðkunningi okkar

Guðmundur Ágústsson sem nam hagfræði í A-Berlín, kom eitt sinn sem oftast í heimsókn á Kaiserdamm. Í þetta skipti sagðist hann þurfa að bera mér þau skilaboð að a-þýsku öryggisþjónustuna STASI langaði að hafa tal af mér. Guðmundur tók skýrt fram að hann væri ekki að hvetja mig til þess, einungis að bera mér þessi boð. Ég ætlaði ekki að sinna þessu. Ég man að Hjörleifur Guttormsson leit inn skömmu seinna og ég sagði honum frá þessu. Hann bað mig fyrir alla muni að rétta ekki litlafingur í þessa átt.

Smávægilegt atvik breytti samt atburðarásinni dálítið. Eins og áður sagði var 16 ára systurdóttir mín hjá okkur þennan vetur. Eitt sinn fór hún að hitta íslenskar stelpur í A-Berlín. Hún var ekki komin heim fyrir miðnætti og ekki um morguninn. Við urðum dauðhrædd. Hafði stelpan ætlað að smygla einhverju og verið tekin? Hafði hún komið vestur yfir og lent í einhverjum strákum? Ekki var hægt að hringja milli borgarhlutanna.

Ég ákvað að fara austur á brautarstöðina Friedrichstrasse á borgarmörkunum og freista þess að komast að því hvort hún hefði farið yfirlandamærin, því allar ferðir hlutu að vera skrásettar. Mér var vísað inn á biðstofu. Eftir klukkustund kom ungur maður og spurði hvort ég hefði ekki fengið skilaboð frá öryggisþjónustunni fyrir nokkru? Ég játti því. Hvort ég ætlaði ekki að sinna þeim? Hvað átti ég nú að segja? Hvar var litla frænka mín? Ekkert íslenskt sendiráð var í A-Berlín. Að lokum féllst ég á að hitta manninn viku seinna á gangstétt fyrir austan. Síðan spurði ég um Hólmfríði. 'Hún hefur sjálfsagt hitt einhvern strák' sagði hann og fór út. En ég snautaði heim, og þá var Birna komin. Hún hafði bara gist hjá stelpunum fyrir austan en gat ekki látið okkur vita.



Brautarstöðin Berlin-Friedrichstraße

Nú var spurningin hvort ég átti að standa við mín þvinguðu orð og hitta manngrjónið á tilsettum tíma. Ég óttaðist að verða kannski settur á einhvern svartan lista á landamærunum ef ég stæði ekki við samkomulagið, en ég vildi hafa frjálsa för austur eins og áður. Ég verð líka að viðurkenna að ég var svolítið forvitinn, hvað þeir vildu mér eiginlega. Ég hitti því manninn eins og um var talað.

Við fórum inn á kaffihús og sátum þar í klukkutíma. Út úr því kom svo sem ekkert. Greinilegt var að þeir vildu bara komast í tengsl við mig. Ég var ekki beðinn um neitt nema helst að koma til þeirra einhverjum stúdentablöðum. Ég sagði að þau lægju eins og hráviði útum allt og hver sem væri gæti hirt þau. Ég spurði af hverju þeir bæðu ekki flokksfélaga sína í SED (Sozialistische Einheitspartei Deutschlands) að gera þetta fyrir sig, en SED flokkurinn var löglega starfandi í V-Berlín þótt hann væri bannaður í V-Þýskalandi. Þá sagði hann þessa undarlegu setningu, að öryggisþjónustan vildi ekki hafa samstarf við neina flokka! Niðurstaðan var sú að ég sagðist skyldu hugsa málið.



Press Cafe, Alexanderplatz 1970

Eftir það var ég látinn í friði. Mér hefur stundum flogið í hug eftir á hvort þarna hafi verið um útsmognar gagnnjósnir að ræða til að prófa mig. Hvað sem því líður fékk ég árið 2000 ljósrit

af þeim gögnum sem mig varðaði frá nefndinni sem rannsakaði STASI. Þau eru ekki viðamikil. Í þeim greinir stuttlega frá viðleitni þeirra til að ná sambandi við mig og síðar frásögn mannsins af þessum eina fundi okkar. Hann gat þess meðal annars að ég hefði verið fremur hirðuleysislega klæddur! En lokaorðin voru þessi: Es kam keine Zusammenarbeit zustande.

Annað hjákátlegt atvik óbeint tengt pólitíkinni átti sér stað á brautarstöðinni Friedrichsstrasse. Við vorum að koma vesturyfir seint um kvöld, og í það skiptið var einhver frostbitra í heimsmálum og landamæraverðir áttu að vera óþægilegir. Ég var tekinn afsíðis og veskið mitt skoðað. Í einu hólfi fundu þeir 100 marka v-þýskan seðil sem ég hafði geymt fyrir íslenskan námsmann í Rostock og láðst að gefa upp. Nú var ég í vondum málum. Þá mundi ég eftir öðru plaggi í öðru hólfi. Áður en ég fór til Berlínar hafði ég til vonar og vara beðið Kjartan Ólafsson framkvæmdastjóra Sósíalistaflokksins að láta mig hafa bréf uppá að ég væri limur í flokknum. Hann gerði það með beiðni um að mér væri veitt fyrirgreiðsla. Þetta dró ég upp, og eftir drygklanga stund komu þeir brosandi aftur, sögðu að málið yrði látið niður falla, og ég beðinn fyrir bróðurlegar kveðjur heim!

Ég hefði sjálfsagt getað verið hjá FU til eilífðarnóns þótt nemendur yrðu aldrei margir. Seinasta misserið var ég beðinn að kenna forníslensku. Það var að vissu leyti freistandi. Þetta var mjög lítil starfskylda, sæmilegt kaup og skemmtileg borg. Okkur fannst við samt búin að frílista okkur nóg í útlöndum og langaði meira til að starfa heima þótt það væri erfiðara. Aðalatriðið var samt að við vildum að börnin okkar yxu upp sem Íslendingar.